



Reykjanesbær, 13. mars 2026  
Mál nr. 2026030317

## Úthlutunarskilmálar – Stapabraut 15

### Um lóðina

Um er að ræða 13950 m<sup>2</sup> lóð sem stendur að Stapabraut 15. Í gildandi aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2023-2035 er svæðið skilgreint undir verslun- og þjónustu, þar sem gert er ráð fyrir fjölbreyttum rekstri sem er ekki í samkeppni við nærþjónustu. Í deiliskipulagi er lóðin skilgreind sem opið svæði, mun það koma í hlut lóðarhafa að vinna nýtt deiliskipulag í samræmi við tillögu sína.

Reykjanesbær auglýsir til sölu byggingarrétt fyrir verslun- og þjónustu á lóðinni. Hámarks byggingarmagn á lóð er 6277 fm og er lágmarks verð í fermeter 6.000 kr, lágmarksboð í byggingarrétt er því 37.665.000 og gildir tilboð í byggingarrétt 70% af tilboði.

Tekið skal fram að um er að ræða sölu á byggingarrétti, en ekki lóðinni sjálfri og verður gerður lóðarleigusamningur um lóðina, sem kveður nánar um réttindi og skyldur lóðarhafa og sýnir samningurinn jafnframt þær kvaðir sem um lóðina gilda.

Tilboðið á eingöngu við um byggingarrétt, þar falla ekki undir opinber gjöld, svo sem gatnargerðargjald, byggingarleyfisgjald og önnur þau opinberu gjöld sem skapast af uppbyggingu á lóðinni.

Umsóknir sem eru lægri en fasta verðið verða ekki teknar til greina.

30% skal metið út frá gæðum tillögunna og samfélagslegum ávinningi (15% hvor um sig).

### Hæfi umsækjanda

Einungis lögaðilar geta gert tilboð í byggingarréttinn og er hverjum lögaðila einungis heimilt að skila inn einni umsókn um lóðina.

Fleiri en einum lögaðila er heimilt að bjóða sameiginlega í lóðina, í þeim tilvikum skulu allir lögaðilar uppfylla skilyrði skilmálana. Standi fleiri en einn lögaðili að umsókn og þeim er úthlutað lóðinni, bera þeir allir óskipta ábyrgð á greiðslum, framkvæmdum og öðrum skuldbindingum vegna lóðarinnar.

Deiliskipulagsgerð er í höndum lóðarhafa og skal vera sveitarfélaginu að kostnaðarlausu.

Hver umsókn skal taka til alls byggingarmagns á lóðinni samkvæmt útgefnu lóðarblaði og vera án fyrirvara, umsóknir með fyrirvara teljast ógildar. Athygli er vakin á því að byggingarmagn getur breyst við gerð deiliskipulags.

Umhverfis- og framkvæmdasvið Reykjanesbæjar